

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. þ 122/1719  
komudagur 3.4.198

BN/aeg

Reykjavík 2. apríl 1998

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, 521. mál, fyrning sakar.

Ríkissaksóknari fellir sig við og styður breytingartillögurnar í aðalatriðum, en telur ástæðu til, hér á eftir, að vekja máls á fyrirhuguðum reglum um rof á fyrningarfresti, sbr. upphaf c liðar 2. gr. frumvarpsins en þar er lögð til breyting á 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga.

“Fyrningarfrestur rofnar þegar rannsókn opinbers máls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi” segir um rof fyrningarfrests í tillögunum. Felur tillagan í sér talsverða breytingu á gildandi skipan og virðist hún auðvelda rof fyrningarfrests all verulega. Kann það að vera æskilegt í sjálfu sér en hins vegar er þýðingarmikið að greinilegt sé hvaða aðgerð eða athöfn rjúfi fyrningarfrestinn. Um það er fjallað nokkuð í greinargerð með frumvarpinu og þar kemur réttilega fram að nokkur vafi geti leikið á því hvenær maður teljist orðinn sakborningur í máli. Íslensk lög og lagaframkvæmd er ef til vill ekki nægilega skýr að þessu leyti. Í greinargerðinni virðist m.a. koma fram áætlun um að fyrirmæli ríkissaksóknara á hendur tilteknum manni rjúfi fyrningarfrest, en víst er að fyrirmæli ríkissaksóknara ein út af fyrir sig geta þó ekki haft þau áhrif að maður fái réttarstöðu sakbornings á því augnabliki sem þau eru gefin eða send út.

Í tengslum við réttarfar í opinberum málum lítum við gjarnan til löggjafar á sama sviði í Danmörku og í Noregi. Ákvæði dönsku og norsku hegningarlaganna um þetta efni eru nánast samhljóða eins og hér sést:

Dönsku lögin; upphaf 4. mgr. 94. gr.: “Forældelsesfristen afbrydes ved ethvert rettergangsskridt, hvorved den pågældene sigtes for overtrædelsen.....”

Norsku lögin; upphaf 1. mgr. 69. gr.: “Fristen for foreldelse avbrytes ved rettergangsskritt som medfører at den mistenkte får stilling som siktet. Skjer siktelsen ved utenrettslig erklæring eller ved utferdigelse av forelegg, abrytes foreldelsesfristen ved meddelelse til mistenkte om at han er siktet...”

Í báðum tilvikum er áherslan lögð á “rettergangsskridt” í þessu sambandi með nokkrum frávikum sem ekki eru rakin hér. Þá má geta þess að norsk réttarfaralög

kveða nokkuð skýrt á um hvenær maður telst vera sakaður í máli eða sakborningur, sbr. 1. mgr. 82. gr. í Lov om rettergangsmåten i straffesaker, þar sem segir: “Den mistenkte får stilling som siktet når påtalemyndigheten har erklært ham for siktet eller når forfølgning mot ham er innledet ved retten eller det er besluttet eller foretatt pågripelse, ransaking, beslag eller liknende forholdsregler rettet mot ham.”

Ekki þykir efni til að fara fleiri orðum um rof fyrningarfrests í þessari umsögn en ítrekað að ástæða sýnist til að íhuga þetta atriði í tillögunum til breytinga á almennum hegningarlögum gaumgæfilega.

Að lokum er vakin athygli á að í 1. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 59. gr, sbr. 1. mgr. 60. gr. almennra hegningarlaga eru ákvæði áþekk umræddu ákvæði í 4. mgr. 82. gr. Virðist eðlilegt að þau fái sömu breytingu og ákvæðið í 4. mgr. 82. gr.

